



Aron Freyr Jónsson klippti á borðann. Mynd: Dagskráin/HGL

Hundraðasti landsbyggðar-rampurinn vígður

Á þriðjudag fór fram vígslu-athöfn á Eyrarbakka þegar eitthundraðasti rampurinn í verkefninu „Römpum upp Ísland“ var vígður við Sjóminjasafnið á Eyrarbakka. Fjóla Kristinsdóttir bæjarstjóri Árborgar og Sigurður Ingi Jóhannsson, innviðaráðherra héldu ávörp við vígsluna ásamt því að leikskólabörn frá Eyrarbakka sungu fyrir gesti.

Aðgengi á Íslandi er oft mjög takmarkandi fyrir hreyfihamlaða. Því er mikilvægt að koma upp römpum eða tryggja aðgengi með öðrum hætti. Ramp-

arnir geta verið jafn misjafnir og þeir eru margir, og þeir eiga svo sannarlega að vera margir.

Oft þarf ekki annað en að leysa aðgengi upp eina tröppu eða yfir háan þröskuld með einföldum hætti. Með sameiginlega átaki þjónustuaðila, verktaka og yfirvalda á þetta ekki að vera mikið mál og með því stuðlar verkefnið að bættu umhverfi og betra aðgengi á Íslandi.

Rampurinn er sem fyrr segir sá hundraðasti af 1000 römpum sem stefnt er að að vígja víðsvegar um landið á fjögurra ára tímabili, en sá fyrsti var vígður

við Matkrána í Hveragerði þann 24. maí sl. svo það má segja að verkefnið fari vel af stað. Tilgangur verkefnisins er að auka aðgengi hreyfihamlaðra að þjónustu, verslun og veitingahúsum á Íslandi. Haraldur Þorleifsson, stjórnandi hjá Twitter og stofnandi hönnunarfyrirtækisins Ueno, er hvatamaður verkefnisins. Stofnfé sjóðsins eru framlög einstaklinga, fyrirtækja, samtaka og stofnana sem vilja leggja sitt af mörkum til að tryggja aðgengi hreyfihamlaðra um allt land.



Ellefu þúsundasti íbúi Árborgar boðinn velkominn

Kjartan Björnsson, forseti bæjarstjórnar færði 11 þúsundasta íbúa Árborgar gjöf frá Sveitarfélaginu Árborg og Yrju barnavörðsluverslun í liðinni viku.

Sóley Embla heitir tíma-mótastúlkan en hún fæddist þann 21. júní. Foreldrar Sóleyjar Emblu eru Helena Guðmundsdóttir og Sindri Freyr Ágústss. og búa þau á Selfossi.

Menning á miðvikudögum í Skálholti í ágúst

Boðið verður upp á þrenna menningarviðburði í Skálholti í ágúst og frítt er inn á þá alla.

Fyrsti viðburðurinn er hin einu sönnu Óskalögin við orgelið með Jóni Bjarnasyni og verður hann miðvikudaginn 17. ágúst kl. 20:00.

Jón Bjarnason oragnisti töfrar fram tóna á orgelinu á sinn einstaka hátt. Óskalögin hafa nú þegar skapað sér sinn sess og hafa verið mjög vinsæl meðal gesta Skálholts. Jón Bjarnason oragnisti töfrar fram tóna á orgelinu á sinn



einstaka hátt. Vertu með og veldu þitt óskalag.

Nánar um viðburðina á skalholt.is.

**Fáðu
fagmann
í verkið**



**PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



**Rafverktakar · Verslun
Öryggis-, myndavéla-
og loftnetskerfi**



Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is





Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
 Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
 Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - [f /keyrsla.is](https://www.facebook.com/keyrsla.is)



Helga og Sigurdór, kampakát með viðurkenninguna í hellirigningu.

SLÁTURHÚS SELFOSSI

Störf í sláturtíð haustið 2022



Sláturfélag Suðurlands óskar eftir að ráða slátrara sem og almenna starfsmenn til starfa í sláturtíð sem hefst í byrjun september og stendur í um tvo mánuði.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starf á heimasíðu félagsins www.ss.is undir „sækja um starf“.

Nánari upplýsingar hjá SS á Selfossi í síma 480 4100.

Upplýsingar um SS er hægt að nálgast á heimasíðu fyrirtækisins www.ss.is.

Pípulagningamaður óskast

Pípulagnir Suðurlands ehf. á Selfossi óska eftir að ráða pípulagningamann.

Menntun og hæfniskröfur
 Sveinspróf í pípulögnum og/eða starfsreynsla í faginu.

Nánari upplýsingar

Ívar Grétarsson, framkvæmdastjóri
 Sími 823 6656
 Tölvupóstur: ivar@psud.is



Garðyrkjan er mitt golf

Hjónin Helga R. Einarsdóttir og Sigurdór Karlsson á Selfossi hlutu um helgina viðurkenningu fyrir fallegasta garðinn í Árborg og það í annað sinn.

Sigurdór reisti þeim hús við Rauðholt 9 og þau fluttu þar inn árið 1967 en hann hafði slitið barnsskónum á Selfossi. Helga ólst upp í garðyrkjustöð í Hrunamannahreppi og kom þar af leiðandi með góða þekkingu á garðyrkjustörfum inn í þeirra búskap sem hefur vafalaust haft einhver áhrif á framhaldið.

Hafa þau hjón hlúð vel að garðinum sínum alla tíð og fengu fyrir það viðurkenningu fyrir 31 ári síðan, árið 1991.

„Þá var það frekar nýr garður, núna myndi þetta eflaust teljast gamall garður og ýmislegt hefur breyst,“ segir Helga.

Lykillinn að fallegum garði segir Helga að sé áhugi og þolinmæði.

„Ég veit um marga garða hérna á Selfossi sem eru miklu flottari og ættu engu að síður að fá viðurkenningar, en ég lít eiginlega á þetta meira sem viðurkenningu fyrir þrautsegjuna og þvermóðskuna í fjölda ára,“ segir Helga létt í bragði.

Helga lærði heilmikið af því að hafa plöntusölu í garðinum sínum í 20 ár. „Ég held að súluaspinnar hafi vakið athygli, við fluttum þær inn frá Noregi á sínum tíma og ég veit ekki betur



en að ég sé sú eina sem hef ræktað þær hér á Selfossi. Ég hef alið upp og látið frá mér tugi eða hundruði súluaspa sem vaxa nú upp í fjöldamörgum gördum hér í bæ og víðar.

Í garðinn okkar var byrjað að planta trjágróðri árið 1968 og mikið af því lifir enn góðu lífi og fjöldamargt hefur bætt við í árána rás.

Garðyrkjan er mitt áhugamál, trjágróður kannski meira en annað. Þetta er bara mitt golf en annað. Þetta er bara mitt golf og mín líkamsrækt, fyrir utan það að ég syndi smá. Það er alveg sama hvaða áhugamál þú hefur, það þarf að sinna þeim.“

Samkvæmt Helgu er garðyrkjan ekki beint áhugamál Sigurdórs. „Hann gerir allt sem þarf að gera, hann slær, smíðar og klippir, er nýbúinn að mála húsið en ég geri bara svona dund sem enginn tekur eftir.“

Nýliðum í garðyrkju ráð-

leggur Helga að fara ekki of geyst af stað, taka sér ekki of mikið í fang áður en þeir vita hvort þeir hafi nokkuð gaman að þessu.

„Mér finnst skipta miklu máli þegar fólk eignast hús með lóð ætti það að hanna garðinn sinn sjálft, eftir sínum hugmyndum og góðri ráðgjöf. Ekki kaupa alla vinnu til verksins, það verður oft lítið úr því þegar fram í sækir. Skynsamlegra væri að bæta smátt og smátt við eftir efnum og ástæðum. Fólk er þá að sinna þessu því það hefur áhuga. Ef farið er of geyst geta garðeigendur lent í hræðilegum vandræðum seinna meir, þegar allt er fullspröttið og engu hefur verið sinnt.“

Garðurinn verður opinn gestum í dag, fimmtudaginn 11. ágúst fyrst kl. 17.00 og síðan kl. 20.00. Hvort sem það rignir eldi eða brennisteini, eru gestir velkomnir. Reyndar eru aldrei lokuð hlið á þessum garði og oft einhver heima,“ segir Helga að lokum.

HGL



Myndin til vinstri var tekin þann 9. ágúst 2022 og sjá má að háar súluaspinnar gefa garðinum sannarlega fallegt yfirbragð. Hin myndin birtist á forsiðu Dagskrárinnar þann 11. júlí 1991, þegar þau hjón unnu síðast til verðlauna fyrir garðinn.

LAGERHREINSUN MIKILL AFSLÁTTUR

LINDIN
TÍSKUVERSLUN
Eyraveggi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

Mótun lands við Markarfljót

Fyrirlestur verður að Kvoslæk í Fljótshlíð laugadaginn 13. ágúst klukkan 15.00. Þá ætlar Jóhann Ísak Pétursson jarðfræðingur, leiðsögumaður og kennari við Leiðsöguskóla Íslands að lýsa í máli og myndum stórbrotnum kröftum sem mynduðu og mótuðu landslagið við Markarfljót og í Þórsmörk. Kaffiveitingar að loknum fyrirlestrinum. Aðgangur ókeypis.

Myndin sýnir kirkjuna að Hlíðarenda í Fljótshlíð og veginn inn með hlíðinni í áttina að Markarfljóti, til hægri sjást hlíðar Eyjafjallajökuls.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is



ÖLFUS

Auglýsing um skipulag í sveitarfélaginu Ölfus

Bæjarráð Ölfuss samþykkti þann 4. ágúst eftirtalдар skipulagstillögu til auglýsingar í samræmi við 1. málsgrein 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulag fyrir Gljúfurárholt 25 og 26

Um er að ræða tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir lóðirnar Gljúfurárholt 25 og 26. Þar er fyrir skemma á annarri lóðinni en markaðir eru tveir nýir byggingarreitir, einn á hvorri lóð fyrir íbúðarhús og bílskúr, allt að 500 fermetrar hvort

Deiliskipulag fyrir Hveradali

Tillagan markar reiti og setur skilmála fyrir baðlón og tengdar byggingar á svæðinu. Tillaga að skipulagi var upphaflega unnin á árunum 2014-2016 en hefur nú verið uppfærð miðað við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og álit Skipulagsstofnunar þar um.

Deiliskipulagsbreyting deiliskipulag Sólbakka - fyrrum Hlíðartunga land

Um er að ræða deiliskipulagsbreytingu fyrir deiliskipulag þriggja lóða við Sólbakka sem áður hét Hlíðartunga land. Tillagan eykur byggingarheimildir í samræmi við það sem er heimilað í aðalskipulagstillögu sem nýlega var auglýst.

Deiliskipulagstillaga fyrir Prastaveg 1 í Ölfusi

Í deiliskipulagstillögu sem fyrir lóðina Prastaveg 1 í Þórstaðalandi í Ölfusi eru markaðir byggingarreitir og settir skilmálar fyrir íbúðarhús og bílskúr og aðrar byggingar í samræmi við nýtt aðalskipulag.

Tillögurnar verða til sýnis á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn dagana 9. ágúst til og með 20. september 2022. Hægt er að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is fyrir lok dags þann 20. september 2022.

Gunnlaugur Jónasson, skipulagsfulltrúi



Velkomin!



11. til 14. ágúst



HVERAGERÐI

- blómstrandi bær!

Útipils



Hér kemur uppskrift að pils sem hentar vel í hvers kyns útiveru í íslenski veðráttu, milli húsa eða uppi á fjöllum.

Garnið er nýtt hjá okkur, Kamelia frá Permin, það er mislitt með tweed áferð og votti af silkigljáa. 67 % ull, 20 % alpaka, 5 % silki, 6 % akryl og 2 % viskos. Til í nokkrum fallegum litum, ljósum og dökkum. Sjá magn í töflu.

Garnið er gefið upp á prjóna no 6 en af því hér er um að ræða skjólflik eru notaðir prjónar no 5.

Prjónafestan er 15 lykkjur á 10 cm.

Gert er ráð fyrir mitti og því er aukið út í hliðum þar til mjaðmavidd er náð. Hægt er að laga uppskriftina að líkamsbyggingu með því að fjölga eða fækka upphafslykkjunum og aðlaga síðan útaukninguna til að hafa réttan lykkjufjölda á mjöðmunum. Gert er ráð fyrir teygju í mittinu og þær eigum við til af öllum gerðum.

Hringprjón no 5, prjónamerki, teygja. nl = ný lykkja. Búið til lykkju með því að snúa upp á bandið á milli lykkjanna og prjónið slétta.

Fitjið upp og sameinið í hring. Prjónið sl prjón 3 sm, síðan eina umferð brugna og aftur jafnmargar sléttar umferðir. Setjið prjónamerki utan um fyrstu lykkjuna og síðan utan um lykkju í hinni hliðinni, sjá töflu fjölda lykkja á milli prjónamerkja.

Nú byrjar útaukning sem er gerð í þriðju hverri umferð alls 8 sinnum.

Gerið nl framan merktu lykkjuna og aðra á eftir merktu lykkjunni. Gerið eins í hinni hliðinni.

Eftir að útaukningu lýkur er prjónað sl áfram, sjá töflu.

Áður en byrjað er að prjóna stroffið er aukið út með því að gera nl eftir aðra hverja lykkju. Til að stemma lykkjufjöldann af er frávik frá þessu í tveim stærðum. Í minnstu uppskriftinni eru hafðar þrjár lykkjur á milli í hvorri hlið en í stærstu uppskriftinni er höfð ein lykkja á milli í hvorri hlið.

Prjónið stroff 2 sl, 2 br. Eftir fyrsta hluta er gerð nl á milli brugnu lykkjanna. Hún er síðan prjónuð brugðin í næsta hluta.

Eftir annan hluta er gerð nl milli annarrar og þriðju brugnu lykkjunnar og hún síðan prjónuð brugðin í þriðja hlutanum.

Hægt er að stytta og síkka pilsíð að vild enda eru tölurnar í uppskriftinni tillögur að útfærslu á hugmynd.

Fellið laust af og gangið frá endum. Saumið kantinn niður á röngunni með lausu spori svo strengurinn verði nógu víður. Skiljið eftir gat fyrir teygjuna sem er þrædd í og fest saman á endunum þannig að hún sé þægileg og gagnleg.

Uppskrift eftir gamalli minningu.
Alda Sigurðardóttir



Hannyrðabúðin

Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314



Velkomin á Blómstrandi daga í Hveragerði 11. - 14. ágúst

Frábær menningarveisla og blómlegt líf í bænum



HVERAGERÐISBÆR

Það er skemmtileg stemning þegar hin árlega bæjarhátíð er í Hveragerði. Í ár er metnaðarfull og fjölbreytt dagskrá fyrir alla fjölskylduna og margt í boði. Listsýningar, sögugöngur og -ferðir, markaðstorg, opnar vinnustofur og gallerí hjá fjölmörgum listamönnum og bæjarbúum. Fjölskyldudagskrá verður á laugardegnum í Lystigarðinum þar sem m.a. koma fram Friðrik Dór og Lína langsokkur, félagar í Hljómlistarfélaginu, Diskótekið Díska o.fl. Á sunnudagsmorgun verður útimessa í Lystigarðinum með séra Ninnu Sif og flytur Lay Low tónlistina. Leikhópurinn Lotta sýnir í Lystigarðinum á sunnudeginum og BMX brós leika listir sínar. Íþróttafélagið Hamar fagnar 30 ára afmæli og býður hressum krökkum í ljósabolta, þrautabraut, froðubolta, DJ í sundi, leiki og fjör. Þjónustufyrirtæki í bænum bjóða mörg hver uppá fjölbreytta dagskrá sem dæmi má nefna þrautabraut Hjalta Úrsus í boði Kjörís, gleðitónleika við Matkrána, listsýningar í garðyrkjustöðvunum Flóru og Ficus, harmonikkufestival í Blómaborg, markaðsstemningu og grínistakvöld í Rósakaffi, Jibbíí torfærubúlinn við Hofland Eatery, Jazz í Reykjadal Skála o.fl.

Vönduð tónlistardagskrá

Hveragerðisbær

verður alla dagana þar sem landsfrægir tónlistarmenn koma fram. Sóli Hólm skemmtir á Hótel Örk á fimmtudagskvöldinu, Djassband Ómars Einars kemur fram á föstudag í Listasafninu og Heimir Eyvindar og hljómsveit býður okkur uppá 90's Nostalgiu á föstudagskvöldinu. Á laugardag verður glæsileg kvöldvaka á útisviðinu í Lystigarðinum þar sem m.a. Jónas Sig og Ómar Guðjóns, Sycamore Tree, Dagný Halla og Værð koma fram. Gunni Óla sér um brekkusönginn í ár. Að lokum verður stórglæsileg flugeldasýning. Gunni Óla og hljómsveit leika á Blómadansleiknum sem verður á Hótel Örk. Það er tilvalið að heimsækja bæinn og njóta þess sem er í boði.

Við bjóðum alla velkoma. Sjá nánar dagskrá Blómstrandi daga á www.hveragerdi.is og á Blómstrandi dagar í Hveragerði á facebook.

Brennuvargar enn á ferð

Brennuvargar ætla að hola og rakúbrenna í Hveragarðinum á Blómstrandi dögum í Hveragerði, laugardeginn 13. ágúst frá kl. 13 til 17 og vilja með því kynna fyrir gestum og gangandi aldargamlar aðferðir í brennslum á leirmunum með lifandi eldi. Einnig verður sýning á heimildarmynd Brennugarga „Frá mótun til muna“ í Leirportinu að Breiðumörk 21 á sama tíma. Allir eru hjartanlega velkomir.



Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 856 0565, dfs@dfs.is.
Blaðamaður: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0573, helga@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegis á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókauktgáfan HÖLAR

Í margri sögu engin er, yfir hana margur fer, þar uppi kallinn óðan sá, íslenskt skáld var bænum frá.

Svar við gátu í blaði 2660: **BÓT**

1. **Bót** á flúk - 2. **Bót** í mál - 3. **Hnésbót**

4. **Ábót** - 5. **Bót** er bær í nágrenni Egilstaða





HVERAGERÐISBÆR

ÁRHÓLMAR 1 ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ, BREYTING Á DEILISKIPULAGI

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann 18. júlí 2022 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi á Árhólma-svæði í Hveragerði fyrir Árhólma 1 í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin felst í auknu byggingarmagni þjónustumiðstöðvar innan núverandi byggingareitar úr 350 m² í 950 m². Skilmálar eru um gerð og yfirbragð byggingar.

Breytingartillagan liggur frammi á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar að Breiðumörk 20 frá og með 10. ágúst 2022 og eru auk þess aðgengilegar á heimasíðu Hveragerðisbæjar.

Þau sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skulu berast skipulagsfulltrúa Hveragerðisbæjar í síðasta lagi miðvikudaginn 21. september 2022 á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar Breiðumörk 20, 810 Hveragerði eða á netfangið hildur@hveragerdi.is

Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar



ATVINNA - ATVINNA

Starfsfólk óskast í
Pylsuvagninn á Selfossi.

Vinnutími kl. 10-16 og 11-16.
Góður vinnustaður.

Nánari upplýsingar í síma 899 3533
eða 899 9308 eða á netfanginu
ingunngu@simnet.is

Hjúkrunarforstjóri Lundar



Hjúkrunar- og dvalarheimilið Lundur á Hellu leitar að framsýnum leiðtoga í stöðu hjúkrunarforstjóra heimilisins.

■ Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri, áætlanagerð og mannauðsmálum heimilisins
- Fagleg forysta og ábyrgð á hjúkrunarþjónustu Lundar gagnvart íbúum
- Stefnumótun og umsjón með umbótaverkefnum
- Samskipti við hagsmunaaðila heimilisins
- Þátttaka í stjórnarfundum og ábyrgð á framfylgd ákvarðana stjórnar

■ Menntunar- og hæfniskröfur:

- Gerð er krafa um íslenskt hjúkrunarleyfi
- Framhaldsmenntun í stjórnun eða klínískri hjúkrun er kostur
- Þekking á öldrunarmálum er æskileg
- Þekking og reynsla af stjórnun og rekstri er æskileg
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum, þjónustulund og jákvæðni
- Leiðtogahæfni, framsýni, drifkraftur og metnaður í starfi
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð og umbótasinnað hugarfar
- Góð kunnátta í íslensku í ræðu og riti

Hjúkrunar- og dvalarheimilið Lundur er staðsett á Hellu og búa þar 33 íbúar. Starfsfólk Lundar er 65-73 talsins. Á Lundi er áhersla lögð á að bera virðingu fyrir einstaklingnum og fyrri venjum hans og síðum og að hann og fjölskylda hans njóti trúnaðar og umhyggju í samskiptum. Nánari upplýsingar má finna á www.hellu.is.

Umsóknarfrestur er til og með **22. ágúst 2022**. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Um fullt starf er að ræða.

Nánari upplýsingar veita Helga Birna Jónsdóttir (helga@intellecta.is) og Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) í síma 511 1225.





Bróðir minn og frændi,
Páll Elíasson
Sléttu, V-Skaftafellssýslu,

lést á hjúkrunarheimilinu Klausturhólum föstudaginn 30. júlí. Útför hans fer fram frá Kálfa-fellskirkju laugardaginn 13. ágúst klukkan 13.

Elín Elíasdóttir og aðstandendur



Við fjölskyldan viljum þakka hjartanlega fyrir samúð og hlýju sem okkur var sýnd við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, stjúpfaður og afa,

Matthíasar Bjarnasonar,
Fossvegi 10, Selfossi.

Sérstakar þakkir til Sigurðar Böðvarssonar krabbameinslæknis og alls starfsfólks Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, fyrir kærleiksrika umönnun og hlýju, einnig viljum við þakka hjartanlega Oddfellow-bræðrum og Lions félögum í Emblu fyrir aðstoð við útförina.

Sonja Eyfjörð Skjaldardóttir
Þórdís Helga Matthíasdóttir Stefán Lundvall
Selma Björk Matthíasdóttir
Íris Ósk Matthíasdóttir
Hlynur Freyr Matthíasson
Kristjana Björg Júlíusdóttir Sigurjón Gíslason
Afabörn



Einskær Hamingja við hafið

Hamingjan við hafið fór fram HÍ Þorlákshöfn 2.-6. ágúst mest megnis í blíðskapar veðri. Boðið var upp á fjölmarga dagskráliði þar sem allur aldur fékk eitthvað við sitt hæfi. Sem dæmi um viðburði þá má nefna froðurennibraut og froðubolta, sundlaugapartý, garðtónleika um allan bæ í samstarfi við Hljómlistafélag Ölfuss, litaskrúðgöngu og hverfapartý í bræðslunni, barnaspjall með ótal leiktækjum, sirkus og leikvelli með opnum efni við, sandkastalagerð, sjósund, Leikhópin Lottu, sýningar og sölur um allan bæ og svo margt fleira.

Það var svo gríðarleg eftirvænting eftir stórtónleikunum í Reiðhöll Guðmundar þar sem fram komu DJ EJ, Moskvít, Sunnan 6, Bassi Maraj, Reykjavíkurdætur og Albatross með Sverrir Bergman í fararbroddi ásamt löngum gestalista. Þeir voru á sviðinu í tvær og hálf klukkustund og fengu til sín Önnu Möggu, Júlí Heiðar, Emilíu Huguínu, Lay Low, Jónas Sig, Röggú Gísla og leynigestinn Magnús Þór ásamt Lúðrasveit Þorlákshafnar og Fjallabráðrum.

Það virðist vera almennt álit viðstaddra að þessir tónleikar hafi verið á meðal þeirra bestu sem sem fólk hefur upplifað, svo mikil er ánægja tónleikagesta.

Halldór Gunnar, sem fer fyrir bæði Fjallabráðrum og Albatross sagði að það væri langt síðan honum hefði liðið eins vel á sviði og þetta kvöld, salurinn söng með eins og einn maður. Lúðrasveitin og Fjallabráður voru upp á sitt allra besta og stjórnum sem komu fram sem gestasöngvarar skínu sínu skærasta ljósi.

Tónleikarnir voru einnig ókeypis eins og allir aðrir viðburðir í Hamingjunni við hafið og er vert að þakka sérstaklega öllum þeim fjölmörgu aðilum sem komu að hátíðinni sem Sveitarfélagið Ölfus stendur fyrir, en eins og verkefnastjóri Hamingjunnar, Ása Berglind bendir á þá væri þetta ekki

hægt án þeirra fjölmörgu aðila sem leggja hátíðinni lið, ýmist í formi fjárframlags eða annarskonar stuðnings. Bestu þakkir til allra sem komu að hátíðinni á einn eða annan hátt og sérstaklega til þeirra fjölmörgu gesta sem komu, sáu og skemmtu sér eins fallega og raun ber vitni.



Már meðal þeirra fyrstu sem stíga á Svið

Það stefnir í það að Már Gunnarsson afreksmaður verði meðal þeirra fyrstu sem koma fram á Sviðinu, nýju lögeimili lifandi tónlistar í miðbæ Selfoss sem Þórir Jóhannsson er að opna á jarðhæðinni undir Miðbar sem nýlega var opnaður. Tónleikarnir eru hluti af síðsumars tónleikaferð sem Már er að leggja í til að fjármagna tónlistarnám sem hann kemur til með að hefja í Bretlandi í haust.

Már hefur ákveðið að leggja sundferilinn á hilluna aðeins 22 ára gamall og einbeita sér að tónlistinni. Már er einn af sigur-sælustu sundmönnum landsins og hefur verið meðal fremstu blindu sundmanna heims undanfarnar ár. Hann á heimsmet í baksundi og setti 28 sinnum Íslandsmet. Hann vann til bronsverðlauna á heimsmeistaratóttinu í London árið 2019 og keppti á Ólympíuleikunum í Tókýó í fyrrahaust. Tónlistin hefur fylgt Má alla tíð, frá því



að hann byrjaði að æfa sjö ára í Lúxemborg. Már segist hafa afrekað nógu mikið í sundinu til að hann geti stigið sáttur frá því.

Núna í júní fékk Már staðfestingu á því að hann kæmist inn í breskan tónlistarháskóla, Academy of Contemporary Music í Guilford. Þetta segir hann gamlan draum en í náminu mun hann læra lagasmíði, framkomu og fleira til að styrkja sig sem tónlistarmann. Hann heldur út

strax í haust og tekur aðeins Max með sér. Hann vinnur nú að nýju efni sem kemur út í sumar, sem útsett er af honum og Þóri Úlfarssyni. Þá blæs Már í tónleikaröð með hljómsveit og gestasöngvurum áður en hann heldur til Bretlands.

Tónleikarnir verða í Garðabæ, Selfossi og Reykjanesbæ og miðarnir seldir hjá Tix. Þetta verða í senn kveðjutónleikar Más áður en hann heldur út og fjárflyun til að styrkja hann til námsins, sem er langt frá því að vera ókeypis.

Á tónleikunum verður flutt bæði gamalt íslenskt efni í nýjum búningi og ný lög eftir Má. Hann kemur fram ásamt fimm manna hljómsveit og valdir gestir verða á hverjum stað fyrir sig.

25. ágúst: Sjáland, Garðabæ
1. september: Hljómahöllin Reykjanesbæ
2. september: Sviðið á Selfossi



ÍSLENSKAR ÞVOTTASNÚRUR
Sem þola íslenska veðráttu

VIG

Vélsmiðja Ingvars Guðna ehf.
Sími: 486-1810 | vig@vig.is | www.vig.is



Sveitarfélagið
ÁRBORG

SKÓLASETNING SKÓLAÁRIÐ 2022-2023

Grunnskólar Sveitarfélagsins Árborgar verða settir þriðju-daginn 23. ágúst 2022.

BARNASKÓLINN Á EYRARBAKKA OG STOKKSEYRI

Skólasetning Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri fer fram í húsnæði skólans á Stokkseyri. Eftir stutta samkomu á sal munu nemendur hitta umsjónarkennara. Forráðamenn velkomnir.

Kl. 9:00 Nemendur í 2.- 6. bekk, f. 2015, 2014, 2013, 2012 og 2011
Kl. 11:00 Nemendur í 7.-10. bekk, f. 2010, 2009, 2008 og 2007

Nemendur og forráðamenn 1. bekkjar (f. 2016) verða boðaðir í viðtöl með umsjónarkennara.

STEKKJASKÓLI

Kl. 9:00 Nemendur í 2. bekk, f. 2015
Kl. 10:00 Nemendur í 5. bekk, f. 2012
Kl. 11:00 Nemendur í 3.-4. bekk, f. 2013 og 2014

Skólasetning 2.-5. bekkja fer fram í matsal Stekkjaskóla. Eftir stutta samkomu munu nemendur ásamt forráðamönnum hitta umsjónarkennara.

Nemendur 1. bekkjar (f. 2016) verða boðaðir ásamt forráðamönnum með fyrirfram ákveðnu fundarboði.

SUNNULÆKJARSKÓLI

Kl. 9:00 Nemendur í 1. – 4. bekk, f. 2016, 2015, 2014 og 2013
Kl. 10:00 Nemendur í 5. – 7. bekk, f. 2012, 2011 og 2010
Kl. 11:00 Nemendur í 8. – 10. bekk, f. 2009, 2008 og 2007

Gert er ráð fyrir stuttri samkomu í Fjallasal en síðan munu nemendur ásamt foreldrum hitta umsjónarkennara. Nemendur og forráðamenn 1. bekkjar (f. 2016) verða jafnframt boðaðir í viðtöl með umsjónarkennara í skólabyrjun.

VALLASKÓLI

Nemendur og forráðamenn í 1. árgangi (f. 2016) fá sérstaka viðtalsboðun eins og tíðkast hefur.

Kl. 9:00 2. – 4. árgangur, f. 2015, 2014 og 2013
Kl. 10:00 5. – 6. árgangur, f. 2012 og 2011
Kl. 11:00 7. – 8. árgangur, f. 2010 og 2009
Kl. 13:00 9. – 10. árgangur, f. 2008 og 2007

Gert er ráð fyrir stuttri samkomu í íþróttahúsi Vallaskóla en síðan munu nemendur hitta umsjónarkennara. Forráðamenn velkomnir.

Skólastjórnendur Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri,
Stekkjaskóla, Sunnulækjarskóla og Vallaskóla.

RISAPRENTUN

A0 • A1 • A2 • VINNUTEIKNINGAR • PLAKÖT • LJÓSMYNDIR • RÚLLUSTANDAR



SÍMI 482 1944
SELFOSSO@PRENTMETODDI.IS
EYRAVEGUR 25, SELFÖSS

Nú er opið á laugardögum

Við bætum þjónustuna á Selfossi með því að hafa opið á laugardögum milli klukkan 10:00 og 14:00.



FÓÐURBLANDAN

www.fodur.is
fodur@fodur.is

FB Reykjavík
Korngarðar 12
570 9800

FB Selfoss
Austurvegur 64 a
570 9840

FB Hvolsvöllur
Dufþaksbraut 1
570 9850

SENDUM UM
ALLT LAND



FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURLANDS
Tryggvagötu 25 • 800 Selfoss • Sími 480 8100 • Fax 480 8188 • Kennitala 491181-0289 • Netfang fsu@fsu.is • Veffang www.fsu.is

LAUS STAÐA VIÐ RÆSTINGAR Í HAMRI – VERKKENNSLUHÚSI FSU

Auglýst er eftir afleysingu í ræstingum fyrir næsta skólaár (15. ágúst – 20. maí 2023) á svæði þar sem kennsla verknáms fer fram.

Um er að ræða 50% starfshlutfall.

Laun fara eftir kjarasamningum Bárunnar stéttafélags og kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra f.h. Ríkisins frá 1. janúar 2022.

Þríf í FSU eru framkvæmd í lok kennsludags eftir kl. 15:30.

Umsóknarfrestur er til 15. ágúst nk.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðning liggur fyrir.

Þá vantar afleysingar í þríf, tilfallandi, sem getur leyst af með stuttum fyrirvara í stöku skipti. Sá starfsmaður þarf að geta þrifið ólík svæði í húsum skólans (Odda, Hamri, lðu) þegar við á.

Allar nánari upplýsingar veitir Andrea Inga Sigurðardóttir ræstingastjóri,

andrea@fsu.is eða í síma 697 3908.

Skólameistari



Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs.

Ritari óskast

Laust er til umsóknar starf ritara hjá Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita bs. Um framtíðarstarf er að ræða í 100% starfshlutfalli.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Móttaka gagna og skjalaumsjón
- Ráðgjöf og upplýsingagjöf við umsækjendur í síma og tölvupósti
- Samskipti og bréfaskrif við opinberar stofnanir
- Reikningagerð
- Önnur tilfallandi störf í samráði við yfirmann

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Rík þjónustulund
- Lipurð og færni í mannlegum samskiptum
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig skipulega í ræðu og riti
- Góð tölvukunnátta í öllum helstu forritum s.s. Outlook, Word og Excel
- Þekking á skipulagsmálum sveitarfélaga er kostur
- Þekking á ONESystem umsýgnarkerfinu er kostur

Nánari upplýsingar um starfið gefur Jóhannes Hr. Símonarson, framkvæmdastjóri í síma 480 5550 eða á netfanginu johannes@utu.is. Umsókn ásamt kynningarbréfi og starfsferilsskrá skal jafnframt senda á þetta sama netfang. Umsóknarfrestur er til og með mánudeginum 22. ágúst nk.

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita (UTU) er sameiginleg skrifstofa skipulags- og byggingarfulltrúa fimm sveitarfélaga í Árnessýslu og Ásahrepps í Rangárvallasýslu. Hjá embættinu starfa tíu manns. Skrifstofa embættisins er á Laugarvatni. Mörg sumarhús eru á starfssvæði embættisins og einkennir það starfsemi UTU bs. umfram önnur skipulags- og byggingarfulltrúaembætti á landinu. Heimasíða embættisins er www.utu.is

Íþróttir

Selfyssingar í landsliðsverkefnum

FÓTBOLTI Eysteinn Ernir Sverrisson og Dagur Jósefsson eru á leið í verkefni með U15 ára og U17 ára landsliðum Íslands um miðjan ágústmánuð.

Lúðvík Gunnarsson, landsliðsþjálfari U15 karla, hefur valið hóp til þátttöku í tveimur æfingaleikjum gegn Færeyjum vikuna 15. – 19. ágúst næstkomandi. Leikirnir fara fram í Færeyjum. Eysteinn Ernir Sverrisson er í þeim hóp.

Dagur Jósefsson er á leið í verkefni í Ungverjalandi, en Jörundur Áki Sveinsson, landsliðsþjálfari U17 karla, hefur valið Dag í leikmannahóp til þátttöku



í alþjóðlegu móti dagana 14.–21. ágúst n.k.

Alls hafa 20 leikmenn verið

valdir í hópinn og koma þeir frá 15 félögum.

Tvö jafntefli hjá meistaraflokkunum

FÓTBOLTI Bæði meistaraflokksliðin gerðu jafntefli í leikjum sínum fimmtudaginn 4. ágúst. Kvennaliðið mætti ÍBV á JÁVERK-vellinum. Leiknum lauk með markalausum jafntefli en bæði lið fengu svo sannarlega færi til þess að skora mark ef

ekki mörk. Hólmfríður Magnúsdóttir reif fram skóna á nýjan leik og kom inná sem varamaður í leiknum. Frábærar fréttir!

Strákarnir gerðu 1-1 jafntefli við Þrótt í Vogum. Heimamenn komust snemma yfir í leiknum en okkar menn náðu sér ekki á

strik í fyrri hálfleik. Síðari hálfleikur var töluvert betri af okkar hálfu. Jöfnunarmarkið kom skömmu fyrir leikslok en það gerði Gary Martin. Selfyssingar sóttu ansi hart að marki heimamanna undir lok leiks en sigurmarkið kom ekki.



Mynd:Hrefna Morthens



Þorsteinn Aron er kominn heim

FÓTBOLTI Þorsteinn Aron Antonsson er genginn í raðir Selfoss á láni frá enska úrvalsdeildarfélaginu Fulham. Þorsteinn er öllum Selfyssingum kunnugur en hann lék stórt hlutverk í liði Selfoss sem komst upp um deild sumarið 2020. Þorsteinn var lánaður til Stjórnsunnar í vetur en er nú mættur aftur í vínrautt.

„Ég er ánægður með það að vera kominn aftur heim á Selfoss og fá að spila á besta velli landsins. Það eru spennandi hlutir að gerast hérna og ég ætla að gera mitt allra besta til þess að hjálpa liðinu í toppbaráttunni,” sagði Þorsteinn við undirskriftina.

Eftir tímabilið hér heima



Mynd: Arnar Helgi.

heldur Þorsteinn síðan aftur út til Englands þar sem hann mun

spila með Fulham í vetur. Velkominn heim Þorsteinn!

REYKHOLTSSKÓLI



Starfsmaður við ræstingar

Reykholtsskóli, Bláskógabyggð, auglýsir eftir starfsmanni til að annast ræstingar í Reykholtsskóla, Reykholti. Starfshlutfall liggur ekki fyrir fyrr en að lokinni uppmælingu, sem er í vinnslu. Starfið er unnið frá kl. 15:00 eða eftir samkomulagi, virka daga á starfstíma grunnskóla.

Starfsmaður annast ræstingar og áfyllingar hreinlætisvara, ásamt þvotti á moppum og klútum.

- Reynsla af vinnu við ræstingar æskileg.
- Hreinlæti í fyrirrúmi.
- Sjálfstæð vinnubrögð.
- Hreint sakavottorð.

Starfið hentar einstaklingum óháð kyni.

Umsóknarfrestur er til 17. ágúst nk. og skal umsóknnum ásamt starfsferilskrá skilað í tölvupósti til skólustjóra á netfangið: lbj@reykholtsskoli.is.

Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.

Laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands. Laun verða greidd skv. uppmælingu.

Nánari upplýsingar veitir skólustjóri, Lára B. Jónsdóttir, á netfangi hér að ofan.

Þroskajálfi/sérkennari óskast

Reykholtsskóli Bláskógabyggð, óskar eftir að ráða þroskajálfa/sérkennara til starfa í 100% stöðu.

Skólinn er fyrir nemendur í 1. til 10. bekk. Í skólanum eru um 100 nemendur og þar starfa rúmlega 20 starfsmenn. Kjörorð skólans eru Virðing-Velliðan-Samvinna. Skólinn er Grænfánaskóli og leggur áherslu á fagleg vinnubrögð, teymisvinnu, verkefnað nám, fjölbreytta kennsluhætti og list- og verkgreinar.

Reykholtsskóli er annar tveggja grunnskóla Bláskógabyggðar. Gott samstarf er við leikskólann Álfaborg í Reykholti, Bláskógaskóla Laugarvatni, Kerhólsskóla í Grímsnes- og Grafningshreppi og Flúðaskóla.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Góð samskipta- og samstarfsfærni og sjálfstæð vinnubrögð
- Háskólamenntun á sviði þroskajálfunar og starfsleyfi sem slíkur eða framhaldsmenntun í sérkennslufræðum

Verkefni og ábyrgðarsvið:

- Vinnur að menntun barns/barna með sérþarfir þar með talið að skipuleggja kennslu viðkomandi í samvinnu við umsjónarkennara
- Gerir skriflegar einstaklingsnámsskrár fyrir það barn/börn sem hann er með í stuðning í samstarfi við umsjónarkennara og aðstoðarskólustjóra
- Starfar í teymi þess barns/barna sem hann er með í stuðning
- Er leiðbeinandi fyrir annað starfsfólk varðandi stuðning við nemendur með sérþarfir

Umsækjendur þurfa að sýna fram á hreint sakavottorð.

Starfið hentar einstaklingi óháð kyni.

Umsóknir sendist á Láru B. Jónsdóttur, skólustjóra, sem veitir einnig nánari upplýsingar. Netfangið er lbj@reykholtsskoli.is og símanúmerið 480 3020.

Umsóknarfrestur er til 12. ágúst 2022.

Umhverfissvottuð prentsmiðja



Stuðningur við skógrækt



Eitt tré fellt = Þrjú gróðursett



Hrein orka



Tækjakostur lágmarkar orkunotkun



Umhverfissvottaður pappír notaður við framleiðsluna



Umhverfissvottaður farfi notaður við framleiðsluna



Endurnýtanlegt hráefni



Stuðlað að fullnýtingu úrgangs



482 1944 www.prentmetoddi.is



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límmiðar



Bréfpokar

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi
Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL
í Grænumörk, Selfossi.
Sími 894 4107.

Skrifstofa félagsins er
lokuð í sumar frá 1. júní til
1. sept. 2022.

Sími formanns er 698 3110.
Sími gjaldkera er 894 9465.

GOLFÆFINGAR

á Svarfhólsvelli þriðjudags-
og fimmtudagsmorgna

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
 S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

**Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki**

Persónuleg þjónusta

**KRANAVINNA
GRÖFUVINNA**
25 ÁRA REYNLA

Diddi S. 861 4966

VH Tækjaleiga
Til leigu 2,8 tonna minigrafa.
Upplýsingar í síma 892 5741.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Er eitthvað að fréttu?

Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

KIRKJUR

Selfosskirkja
Messa í Selfosskirkju sunnu-
daginn 14. ágúst kl. 11. Verið
hjartanlega velkomin til messu í
Selfosskirkju kl. 11 á sunnudag-
inn. Sr. Arnaldur Bárðarson
þjónar fyrir altari. Edit Molnár
leikur á orgelið og kirkjukór
Selfoss syngur.

Hveragerðiskirkja
Útiguðsþjónusta í lystigarðinum
kl. 11 á blómstrandi dögum. Lay
Low flytur tónlist ásamt kirkju-
kórnum. Prestur sr. Ninna Sif. Ef
veðrið verður ómögulegt verður
guðsþjónustan í kirkjunni.

Skálholtsdómkirkja
Messa sunnudaginn 14. ágúst
kl. 11.

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista,
Eyravegi 67, Selfossi, 13. ágúst.
Bíblíulexíur kl. 11 og guðsþjón-
usta kl. 12. Verið velkomin.

HÚSNÆÐI ÓSKAST

Íbúð óskast
Kennari óskar eftir studio- eða
2ja herbergja íbúð á Selfossi.
Leigutími er einn vetur og þyrfti
leigandi að komast inn sem
fyrst. Nánari uppl. í síma 663
6029.

BÍLAR

SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

KIETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílavíðgerðir.
Hjólástillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

ÞJÓNUSTA

**Þarftu snyrtingu á
hundinn þinn?**

Ég var að opna stofu í
Urriðalæk 13, 800 Selfoss
Sími 6869790 - Klara
fb.com/hundasnyrtir.is



prentmet
heilðarlausnir í prentun

Ljósmyndasýning í Hveragerði

Á Blómstrandi dögum í
Hveragerði 11.-14. ágúst
verður mikið um að vera.

Ljósmyndahópurinn HVER
er hópur fólks sem starfar undir
merkjum Félags eldri borgara
í Hveragerði. Hann var stofn-
aður af Sesselju Guðmunds-
dóttur árið 2020 en núverandi
formaður er Gyða Björg Elías-
dóttir. Þessi hópur stendur fyrir
ljósmyndasýningu í skálanum
við Hveragarðinn (Geothermal
park) nú á Blómstrandi dögum
11.-14. ágúst.

Mikill áhugi hefur verið hjá
hópnum undanfarin ár að taka
myndir og vinna saman. Á ko-
vid tímanum starfaði hópurinn
af miklum krafti gegnum netið
og lét engan bilgub á sér finna.
Félagar skiptust á að velja þema-
verkefni þar sem hver og einn
og tók myndir sem var síðan



deilt innan hópsins á netinu. Má
til gamans nefna nokkur þemu:
Hvít og svart; speglun; fossar;
vorgleði; börn o.fl.

Þegar samkomubanni var
loks aflétt og fólk fékk að hitt-
ast á ný þá var ákveðið að vinna
að sýningu sem lítur dagsins ljós
á Blómstrandi dögum. Mikill
metnaður hefur verið lagður í
viðburðinn sem stendur í 4 daga.

Fólk er hvatt til að koma og
skoða sýninguna.

Töfrandi listsýning á Eyrarbakka

Svífandi sturtubotn á háalofti,
Töfrandi fjárhús og furðuleg-
ur ómur inni í Eggjaskúr er brot
af því sem hægt er að upplifa á
listsýningunni Hafsjór – Ocea-
nus í Byggðasafni Árnesinga á
Eyrarbakka.

Ásta Guðmundsdóttir sýn-
ingarstjóri verður með leið-
sögn tvo sunnudaga í röð 14. og
21. ágúst og hefst leiðsögn kl.
16.00 báða dagana. Þessi ein-
staka listsýning teygir sig um
öll húsakynni byggðasafnsins
og umhverfi þess. Þannig prýða
t.d. útilistaverk umhverfið og
útihúsin urðu líka sýningar-
rými. Sýningin Hafsjór – Ocea-
nus samanstendur af verkum 20
listamanna sem tóku þátt í sam-
nefndri listahátíð fyrr í sumar.
Listafólkið kom víða að, frá
Nepal, Suður Kóreu, Þýska-
landi, Spáni, Ítalíu, Mauritius,
Indlandi, Litháen, Póllandi,



Frakklandi og Íslandi. Allir
unnu með sögu og menningu
svæðisins sem skilaði sér í víða-
mikilli sýningu sem vekur for-
vitni og eftirtekt. Það er nokkuð
einstakt að færa listasýningu inn
á fastar sýningar byggðasafns
og þykir það hafa tekist frábær-
lega. Ásta færir gesti frekar inn
í þann undraheim.

Fritt er á leiðsögnina sem
hefst kl. 16 báða sunnudagana.
Verið velkomin.

Vatn í Listaseli

Í Listaseli eru nýleg náttúru-
tengd akrýlverk. Viðfangs-
efnið er leitinn að logni, stillu
eða friðsæld. Vatnið, leið þess
og mikilvægi fyrir allt og allt.
Hlustar þú á vatnið?
Hvernig hljómar það í
hverju verki? Verkið
Spuni er þanki um
hina náttúrulegu
hringrás vatns og
mannanna fléttur á
þeirri ferð. Vöndum við
okkur eins og fimt handverks-
fólk og berum virðingu fyrir
efnivíðnum og verðmæti hans?

Sigrún Jónsdóttir, Ásvelli í
Fljótshlíð, er fædd árið 1970.
Hún er frá Lambey, dóttir
hjónanna Jóns "Jóna" Kristins-
sonar og Ragnhildar Sveinbjarn-
ardóttur og er yngst níu systk-
ina. Eftir grunnskóla hóf hún
þrígga ára nám í Menntaskól-
anum við Hamrahlíð, en loka-
árið tók hún í Fjölbautarskóla
Suðurlands 1990. Hún lauk

námi úr málaraeild frá Mynd-
lista- og handíðaskóla Íslands
árið 1997. Þriðja námsárið sitt
þar nam hún sem skiptinemi við
Háskólann í Granada á Spáni.

Sigrún lauk B.Ed. gráðu
frá Kennaraháskóla Ís-
lands árið 2004 og
starfar hún sem kenn-
ari við Grunnskólann
á Hvolsvelli. Sam-
býlishaustur hennar er
Jón Valur Baldursson og
eiga þau tvo syni, Matthías, f.
2001 og Elías Pál, f. 2005.

Sigrún var valin sveitar-
listamaður Rangárbings eystra
árið 2014 og var það í fyrsta
sinn sem sú viðurkenning var
veitt. Sigrún hefur meðal ann-
ars haldið námskeið, sett upp
sýningar, myndskreytt og gert
sviðsmyndir fyrir leiksýningar.

Opið þri.-sun. kl. 11 -18,
lokað á mánudögum. Verið vel-
komin.



Gramsað í gömlum nótum í Bókakaffinu á Selfossi

Laugardaginn 13. ágúst kl. 17:00 verða fyrri tónleikarnir af tvennum í Bókakaffinu á Selfossi og bera þeir heitið Gramsað í gömlum nótum.

Söngvararnir María Sól Ingólfssdóttir, sópran og Gunnlaugur Bjarnason, baryton munu syngja lög upp úr nótum sem Bókakaffinu hafa áskotnast í gegnum árin. Einar Bjartur Einarsson, leikur með þeim á píanó. Nótturnar sem sungið er uppúr eru mikill fjársjóður og geyma mikla sögu. Í þeim má finna kunn verk og týndar perlur, allt frá þjóðlögum til söngleikjalaga. Elín Gunnlaugsdóttir, tónskáld og bóksali kynnir verkin og fjallar um nótturnar. Aðgang-



Gunnlaugur Bjarnason.

ur er ókeypis og öll eru þið velkomin á meðan húsrúm leyfir. Tónleikarnir eru styrktir af Uppbyggingarsjóði Suðurlands

Síðari tónleikarnir verða 27.



María Sól Ingólfssdóttir.

ágúst og þá koma fram Halla Marínósdóttir, mezzósópran og Birgir Stefánsson, tenór. Einar Bjartur Egilsson leikur með þeim á píanó.

Umhverfisverðlaun Árborgar



Fallegasta gatan var Lágengi.

Umhverfisnefnd Sv. Árborgar hefur valið fyrir árið 2022, fallegasta garðinn, snyrtilegasta fyrirtækið eða stofnun, fallegustu götuna og hver fengi viðurkenningu fyrir framlag til umhverfismála. Leitað var til íbúa eftir tilefningum fyrir umhverfisverðlaunin og var niðurstaða umhverfisnefndar eftirfarandi:

Fallegasta gatan - Lágengi á Selfossi

Gatan er snyrtileg og lóðir íbúa

í heildina vel hirtar og fallegar. Það voru elsti og yngsti íbúi götunnar sem afhjúpuðu skiltið „Fallegasta gatan 2022“ í viðurvist íbúa og gesta. Elsti íbúinn er Jón Ólafsson, fæddur 1931 og yngsti er Leví Snær Pedersen, fæddur 2020

Fallegasti garðurinn - Rauðholt 9 á Selfossi

Það eru hjónin Helga R Einarsson og Sigurdór Karlsson sem búa í Rauðholti 9 og hafa gert undanfarin 50 ár. Garðurinn

er vel hirtur með fjölbreyttum gróðri og heildarumhverfi lóðarinnar snyrtilegt

Snyrtilegasta fyrirtækið - Samkomuhúsið Staður á Eyrarbakka

Elín Birna Bjarnfinnsdóttir sér um rekstur Staðs á Eyrarbakka og hefur verið lagt mikla vinnu við að halda svæðinu umhverfis Stað snyrtilegu og fallegu

Viðurkenning fyrir framlag til umhverfismála - VISS - vinnu- og hæfingarstöð

Viss leggur mikla áherslu á að vinna úr endurnýttu efni og má þar nefna ýmsa smíðagrip sem seldir eru í verslun VISS í Gagnheiði. Gömul handklæði og lín notuð í tuskur fyrir verkstæði og þjónustuaðila og farið er reglulega í plokk-ferðir og hreinsað rusl á opnum svæðum

Það voru Bragi Bjarnason, formaður nefndarinnar og Björg Agnarsdóttir, nefndarmaður sem afhentu viðurkenningarnar fyrir hönd nefndarinnar.

Valborg og Fagvís sameinast

Frá og með deginum í dag sameinast tvær fasteignasölur í Hveragerði, Valborg og Fagvís, og starfa framvegis undir nafni Valborgar.

Fasteignasalan Fagvís var formlega stofnuð árið 2007 af hjónunum Aðalheiði Dúfu Kristinsdóttur og Kristni G. Kristjánssyni. Árið 2019 kaupir Kristín Rós Magnadóttir reksturinn af þeim og hefur rekið síðan. Hjá Fagvís starfa auk Kristínar þær Elínborg María Ólafsdóttir og Eva Björg Árnadóttir, sem er í barneignarleyfi. Hefur Kristín nýverið lokið prófi með ML gráðu í lögfræði, Elínborg og Eva eru báðar löggiltir fasteignasalar.

Fasteignasalan og ráðgjafa-

fyrirtækið Valborg var stofnað á vormánuðum 2020 af Elvari Guðjónssyni, Jónasi Ólafssyni og Maríu Sigurðardóttur, öll er þau viðskiptafræðingar frá HÍ og löggiltir fasteignasalar. Árið 2021 keypti Gunnar Biering Agnarsson, löggiltur fasteignasali, sig inn í reksturinn, þá með starfsstöð á Selfossi.

Nú hafa tekist samningar um samstarf þessara tveggja fasteignasala og munu þær í framtíðinni starfa undir merkjum Valborgar, fasteignasala og ráðgjöf. Verður þar með starfsmannafjöldinn tólf, níu með aðstöðu í Nóatúni 17, Rvk en þrjú við Austurmörk 4, Hveragerði.

Hjá Valborgu starfa einngöngu löggiltir fasteignasalar,



mörg eru einnig viðskiptafræðingar eða lögfræðingar. Stofan veitir því einnig ráðgjöf og lögfræðiaðstoð.

Formlega opnun í Hveragerði er í dag, en boðið verður upp á léttar veitingar milli 17 og 19. Öll eru hjartanlega velkomin að fagna með okkur en nýja skrifstofan er að Austurmörk 4.

Starfsfólk Valborgar, fasteignasala og ráðgjöf.



GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR

Kerhólsskóli

LAUSAR STÖÐUR VIÐ KERHÓLSSKÓLA SKÓLAÁRIÐ 2022-2023

Sérkennari/Þroskajálfi í 50-100% stöðu. Sérkennari / þroskajálfi vinnur náðið með verkefnastjóra sérkennslu. Krafa er um nám í uppeldis og menntunarfræðum / kennslufræðum eða þroskajálfafræðum.

Leiðbeinandi í frístund í 40% stöðu. Um er að ræða vinnu eftir hádegi í gæslu með nemendum í 1.- 4. Bekk.

Stuðningsfulltrúi á elsta stigi í 60% stöðu. Stuðningsfulltrúi aðstoðar kennara inni í bekk.

Sami aðili getur verið bæði leiðbeinandi í frístund og stuðningsfulltrúi og er þá í 100% starfshlutfalli.

Í skólanum eru um sjötíu nemendur í frá eins árs og upp í 10. bekk. Í Kerhólsskóla er lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám, teymiskennslu og útinám. Unnið er samkvæmt hugmyndafræði „Uppeldi til ábyrgðar“. Leit að er eftir sjálfstæðu og drifandi fólki með áhuga á skólastarfi.

Hæfniskröfur fyrir allar stöðrunar:

- Góð hæfni í samskiptum, jákvæðni og sveigjanleiki í starfi
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Áhugi á fræðslu og velferð barna.
- Góð íslenskukunnátta.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og við-eigandi stéttarfélags.

Umsóknum um störf skal fylgja skrá yfir nám, fyrri störf og meðmælendur.

Fólk af öllum kynjum er hvatt til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 20. ágúst 2022. Nánari upplýsingar veitir Jóna Björg Jónsdóttir, skólastjóri í síma 480 5520 og jonabjorg@kerholsskoli.is Umsóknir sendist á netfangið jonabjorg@kerholsskoli.is

Einar tekinn við keflinu

Einar Freyr Elínarson tók í síðustu viku við embætti sveitarstjóra Mýrdalshrepps af Þorbjörgu Gísladóttur sem hefur gegnt embættinu frá árinu 2018. Þorbjörgu voru færðar þakkir fyrir vel unnin störf og farsælt samstarf í þágu íbúanna á síðustu árum og henni færðar velfarnaðaróskir í nýju starfi sem sveitarstjóri Kjósarhrepps.



Einar ráðinn sveitastjóri Skaftárhrepps

Sveitarstjórn Skaftárhrepps hefur ráðið Einar Kristján Jónsson sem sveitarstjóra og staðfesti sveitastjórnin ráðningu hans á aukafundi þann 9. ágúst síðastliðinn.

Einar Kristján hefur verið sveitarstjóri Húnavatnshrepps síðustu átta ár, hann er reynslumikill stjórnandi og hefur mikla þekkingu á sveitarstjórnarmálum og atvinnulífinu. Einar Kristján hefur gegnt fjölmörgum trúnaðar- og félagsstörfum í gegnum tíðina.

„Ég er spenntur og er fullur tilhlökkunar að taka við starfi

sveitarstjóra Skaftárhrepps og kynnast og vinna með því ágæta fólki sem þar býr. Það er mikill mannaúður í sveitarfélaginu og ég sé endalaus tækifæri til þess að skapa sterka og sjálfbæra framtíð fyrir íbúa svæðisins. Ég mun gera allt sem ég get til að láta gott af mér leiða í þágu sveitarfélagsins og byggja upp enn betra samfélag til framtíðar.“

Sveitarstjórn Skaftárhrepps væntir þess að eiga gott samstarf við Einar Kristján og býður hann velkominn til starfa hjá sveitarfélaginu.



Hjólabbrettagarður verður til á Hellu

Eins og glöggir vegfarendur hafa eflaust tekið eftir er verið að setja upp hjólabbrettasvæði á afmörkuðu svæði á bílastæði við sparkvöllinn sunnan við íþróttahúsið



á Hellu. Áður hafði verið stefnt að því að hjólabbrettagarðurinn skildi settur upp á leiksvæði við Sandöldu en fallið var frá þeim hugmyndum og ákveðið að staðsetja brettaagarðinn til bráðabirgða á bílastæði við sparkvöllinn á Hellu. Vinnuhópur um framtíðarskipulag íþróttavallasvæða í Rangárlingum mun koma með tillögu að framtíðarstaðsetningu hjólabbrettagarðsins. Markmiðið er að hafa brettaagarðinn tilbúinn fyrir Töðugjöld sem eru framundan.



534 9600
www.heyirn.is

Pípulagnir Júlla

Öll almenn pípulagnavinna - www.pipulagnirjulla.is
ornja@bntnet.is - Sími 772 1456



Hjólbarðapjónusta Magnúsar

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151



Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþiðgerðir - Almennar raflagnir

ÁRBORG TAXI
482 1333

arborgtaxi@gmail.com

LOFTNET
NETSJÓNVARP

Þekking og reynsla

UPPSETNING OG VIÐGERÐIR

Loftnet – Gervihnattapjónusta
Rafvirkjun – Ljósleiðaratengingar
Tölvulagnir – Símalagnir
Bústaðir – Húsbílar

Loftnetstaekni.is

sími 894 2460 – Selfoss

Jiibbií
Siggafærðir


- Flutningapjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is



Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is



Fæst hjá
BYKO Selfossi



ÖKULAND

Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

Rétting
og málun

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi

480 8020



Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is